Lög Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu, Reykjavík.

§ 1
Stofnun safnaðarins

Nafn safnaðarins er Hvítasunnukirkjan Fíladelfía, Reykjavík. Söfnuðurinn var stofnaður þann 18. maí 1936 og starfar samkvæmt lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999. Hann er sjálfstætt starfandi söfnuður innan Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi.

§ 2
Hlutverk safnaðarins

Hlutverk safnaðarins er boðun fagnaðarerindisins og kristniboð samkvæmt kenningum Nýja testamentisins ásamt því að stuðla að andlegum vexti og þroska safnaðarfólks á grundvelli Heilagrar ritningar.

§ 3
Aðild að söfnuðinum

Hver og einn sem hefur tekið trú á Jesú Krist og hefur látið skírast niðurdýfingarskírn getur orðið meðlimur í söfnuðinum. Prestur og öldungaráð bera ábyrgð á skrásetningu og aðild að söfnuðinum.[1]

Meðlimagjöld eru engin.

§ 4
Uppbygging safnaðarins

Fyrir starfi safnaðarins skulu fara stjórn, prestar, öldungaráð og rekstrarráð.

Stjórn ber ábyrgð á markmiðum og starfi safnaðarins.

4.1 Stjórn safnaðarins

4.1.1 Skipan stjórnar

Stjórn safnaðarins er mynduð af presti, tveimur fulltrúum tilnefndum af öldungaráði, formanni rekstrarráðs og einum fulltrúa sem kjörinn er á aðalfundi safnaðarins til tveggja ára í senn. Tilnefning fulltrúa sem kjörinn er í stjórn á aðalfundi skal liggja fyrir eigi síðar en 10. mars

[1] Samkvæmt lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999 stendur (9.gr.): Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði sem lög og samþykktir þeirra [skráðra trúfélaga] mæla fyrir um. Forstöðumaður sem i hlut á skal gæta þess að skilyrðum laga sé fullnægt og að sá sem leitar inngöngu heyri ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni.

það ár sem kjörið fer fram.

Stjórn velur sér formann til tveggja ára í senn og skal hann ekki vera formaður öldungaráðsins.

Varamenn stjórnar eru tveir, einn tilnefndur af öldungaráði og einn tilnefndur af rekstrarráði.

4.1.2 Hlutverk stjórnar safnaðarins

Stjórn safnaðarins ber ábyrgð á starfi og rekstri safnaðarins milli aðalfunda. Stjórn sér um ráðningu presta.

Þá kemur það í hlut stjórnar að velja talsmann safnaðarins á opinberum vettvangi. Stjórn skiptir með sér verkum og kýs sér varaformann og ritara.

4.1.3 Fundir stjórnar safnaðarins

Stjórnarfundir skulu haldnir að öllu jöfnu einu sinni í mánuði. Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi og stýrir þeim samkvæmt almennum fundarsköpum.

Halda skal stjórnarfund ef þriðjungur stjórnar óskar þess. Meirihluta stjórnar þarf til að stjórnarfundur sé löglegur.

4.1.4 Firma ritun

Firma safnaðarins er ritað af stjórnarformanni, formanni rekstrarráðs og tveimur öðrum fulltrúum stjórnar.

4.2 Öldungaráð safnaðarins

4.2.1 Öldungar og öldungaráð safnaðarins

Öldungar skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Öldungaráð skal tilnefna öldunga samkvæmt kenningum Nýja testamentisins.

Sá prestur sem er fulltrúi kirkjunnar gagnvart íslenska ríkinu skal vera formaður öldungaráðs. Sé annar prestur starfandi við kirkjuna skal hann vera varaformaður, annars skal varaformaður valinn úr hópi öldunga.

4.2.2 Hlutverk öldungaráðs

Öldungaráð er æðsta vald kirkjunnar í andlegum málefnum og fer með öll mál varðandi boðun, fræðslu, kristniboðsstarf, sálgæslu og samkomustarf safnaðarins.

4.2.3 Fundir öldungaráðs

Öldungaráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Prestur safnaðarins boðar til fundar og stýrir honum samkvæmt almennum fundarsköpum. Boða skal til fundar ef þriðjungur ráðsins óskar eftir fundi. Í meiriháttar ákvörðunum skulu minnst ⅔ hlutar öldunga vera viðstaddir.

4.3 Rekstrarráð

4.3.1 Skipan rekstrarráðs

Rekstrarráð skal skipað þremur einstaklingum, tveimur kosnum á aðalfundi safnaðarins og einum tilnefndum af öldungaráði. Tilnefningar til rekstrarráðs skulu tilkynntar stjórn eigi síðar en 10. mars það ár sem kjörið fer fram. Fulltrúar í rekstrarráði skulu kjörnir til tveggja ára í senn. Rekstrarráð velur sér formann.

4.3.2 Hlutverk rekstrarráðs

Rekstrarráð hefur eftirlit með daglegum rekstri safnaðarins og heyrir undir stjórn safnaðarins. Rekstrarráð skal hafa ótakmarkaðan aðgang að öllum bókhalds- og rekstrargögnum safnaðarins. Rekstrarráð gerir fjárhagsáætlun fyrir hvert reikningsár sem skal lögð fyrir stjórn safnaðarins. Stjórn kynnir samþykkta rekstraráætlun á aðalfundi.

Hvorki stjórn safnaðarins né aðrir sem fara með fjárráð hans hafa heimild til að stofna til rekstrargjalda eða fjárfestinga utan ramma fjárhagsáætlunar án þess að fyrir liggi umsögn rekstrarráðs.

Rekstrarráð, í samráði við stjórn sér um ráðningar og launakjör allra starfsmanna sem ekki eru ráðnir af stjórn safnaðarins. Stjórn safnaðarins er ekki heimilað að ráða starfsmann og ákveða launakjör hans ef það er utan ramma fjárhagsáætlunar án umsagnar rekstraráðs.

Rekstrarráð ber ábyrgð á gerð ársreiknings fyrir liðið rekstrarár sem jafnframt skal endurskoðaður af endurskoðanda eða skoðunarmönnum.

4.3.3 Fundir rekstrarráðs

Rekstrarráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður rekstrarráðs boðar til fundar og stýrir honum samkvæmt almennum fundarsköpum. Formaður stjórnar safnaðarins getur einnig boðað til fundar í rekstrarráði.

4.4 Fundir stjórnar, öldungaráðs og rekstrarráðs

Samráðsfundi stjórnar, öldungaráðs og rekstrarráðs skal halda í það minnsta tvisvar á ári. Skulu fundirnir jafnan haldnir að vori og hausti.

§ 5
Fjármál safnaðarins

Söfnuðurinn er fjármagnaður með frjálsum framlögum svo sem tíund, gjöfum og styrkjum, auk sóknargjalda. Allar eigur safnaðarins tilheyra honum og einstakur meðlimur getur ekki gert tilkall til þeirra.

Allar meiriháttar ákvarðanir varðandi kaup og sölu á eigum safnaðarins skal leggja fyrir aðalfund eða auka aðalfund. ⅔ fundarmanna þarf til að samþykkja tillöguna.

Fjárhagsár safnaðarins miðast við almanaksárið.

5.1 Ársreikningur

Fyrir hvert bókhaldsár skal stjórn safnaðarins leggja fram ársreikning, Stjórnin skal sjá til þess að ársreikningur safnaðarins sé aðgengilegur meðlimum hans og þeim yfirvöldum sem hlut eiga að máli.

§ 6
Aðalfundur

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum safnaðarins.

Aðalfund safnaðarins skal halda í apríl ár hvert. Stjórn safnaðarins boðar til fundarins með dagskrá minnst 14 dögum fyrir fundardag. Fundarboð fer fram með tölvupósti á tölvupóstfang sem meðlimur hefur skráð á safnaðarskrifstofu. Meðlimur sem vill fá fundarboð í bréfapósti skal skrá sig á póstlista á safnaðarskrifstofu eða á heimasíðu safnaðarins. Jafnframt skal aðalfundur auglýstur á vef safnaðarins og samkomum.

Sitjandi formaður stjórnar safnaðarins skal setja aðalfund.

6.1 Auka aðalfundur

Auka aðalfundur hefur sama ákvörðunarvald og aðalfundur.

Auka aðalfund skal halda ef stjórn safnaðarins álítur það aðkallandi eða ef 20% myndugra meðlima safnaðarins fer fram á slíkt. Boðun fundarins fer fram á sama hátt og boðun aðalfundar og skal dagskrá kynnt í fundarboði.

Engin önnur mál en þau sem auglýst eru verða þar til umfjöllunar.

6.2 Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera með eftirfarandi hætti:

1. Fundur settur.
3. Kosning fundarritara.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Skýrsla öldunga
6. Ársreikningur lagður fram.
7. Umræður um skýrslur stjórnar, öldunga og ársreikning..
8. Ársreikningur borinn upp til samþykktar.
9. Kynning á rekstraráætlun safnaðarins.
10. Kosning í stjórn, ráð og nefndir.
11. Kosning endurskoðenda eða skoðunarmanna reiknings.
12. Lagabreytingar
13. Önnur mál

6.3 Framkvæmd kosninga

Kosnir eru tveir kjörstjórar úr sal af myndugum meðlimum safnaðarins. Þessir bera ábyrgð á söfnun kjörseðla ásamt talningu atkvæða. Fundarstjóri sker úr um vafaatkvæði.

Safnaðarmeðlimur hefur rétt á að veita öðrum lögráða myndugum meðlimi umboð til að tala máli sínu og greiða atkvæði á safnaðar- eða aðalfundi. Skal skriflegt umboð lagt fram. Einn safnaðarmeðlimur getur farið með umboð tveggja annarra meðlima.

Um atkvæðagreiðslu gilda almenn fundarsköp.

§ 7
Almennir safnaðarfundir

Safnaðarfundur skal vera til upplýsingar um almennt starf safnaðarins eða til kynningar á sérstökum málefnum. Stjórn safnaðarins boðar til safnaðarfunda.

Boðað skal til fundarins með auglýsingu á samkomum og á vef safnaðarins með minnst 7 daga fyrirvara.

§ 8
Prestar kallaðir til starfa

Öldungaráð gerir tillögu að köllun presta. Hann skal uppfylla hæfisskilyrði laga nr. 108/1999.

Þeir skulu kosnir á aðalfundi eða auka aðalfundi. Prestur telst löglega ráðinn ef ⅔ fundarmanna samþykkir tillöguna.

Prestar skulu ráðnir til fjögurra ára í senn og að þeim tíma liðnum skal söfnuðurinn kjósa um þá að nýju.

§ 9
Breyting á lögum safnaðarins

Tillögur að lagabreytingum skal senda stjórn safnaðarins fyrir 10. mars ár hvert.

Tillögur að lagabreytingum skal senda út með fundarboði aðalfundar.

Til þess að lagabreyting taki gildi þarf samþykki minnst 2/3 aðalfundarmanna.

§ 10
Að leggja niður eða leysa upp söfnuðinn

Ákvörðun um upplausn safnaðarins þarf að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna á tveimur aðalfundum í röð með minnst þriggja mánaða millibili.

Verði söfnuðurinn lagður niður falla eignir hans í hendur Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi.

Samþykkt á aðalfundi Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu 14. maí 1996. Uppfært á aðalfundi 2005

Endurskoðað í heild sinni og kynnt á aðalfundi þann 18. apríl 2011 og samþykkt á auka aðalfundi þann 6. september 2011

Uppfært á aðalfundi þann 22. apríl 2014

Uppfært á aðalfundi þann 5. apríl 2017